



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

Reykjavík, 9. júní 2021
SFS2020020040
212. fundur
HG/sp

Til skóla- og frístundaráðs

Frá Helga Grímssyni, sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs

Efni: Svar við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins varðandi aðstöðu félagsmiðstöðvar Sæmundarskóla

Á 185. fundi skóla- og frístundaráðs, 9. júní 2020 lögðu skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins fram svohljóðandi fyrirspurn:

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokks óska eftir að aðstöðumál frístundamiðstöðvar við Sæmundarskóla verði á dagskrá næsta fundar skóla- og frístundaráðs.

Svar:

Síðastliðin misseri hafa foreldrar barna í Sæmundarskóla auk stjórnenda Sæmundarskóla og frístundamiðstöðvarinnar Ársels óskað eftir umbótum varðandi aðstöðu fyrir félagsmiðstöð í eða við Sæmundarskóla. Of langt þykir að börnin sæki starfsemi í félagsmiðstöðina Fókus við Kirkjustétt, sem þjónustar nemendur Ingunnarskóla.

Vorið 2020 var færanlegri kennslustofu fyrir starfsemi félagsmiðstöðvar komið niður á lóð skólans. Þátttaka hefur verið mjög góð en unglingunum finnst aðstaðan lítil og þröng og í raun ekki pláss fyrir nema einn vinahóp í senn, sem fælir ákveðinn hóp barna og unglinga frá því að sækja starfsemina. Engin samnýting hefur verið með góðri aðstöðu Sæmundarskóla.

Við hönnun Sæmundarskóla var gert ráð fyrir aðstöðu fyrir félagsmiðstöð inni í grunnskólabýggingunni auk samnýtingar með rýmum skólans. Frá og með hausti 2021 mun félagsmiðstöðin færa starfsemi sína inn í skólahúsnaðið á svæði þar sem hún var hönnuð inn á sínum tíma.

Beðist er velvirðingar á því hve dregist hefur að svara fyrirspurninni.